

Memo – Namibía (tilboð til kvótahafa)

Dags: 07.08.12

Tilboð til kvótahaf:

- X USD per tonn (sambærilegt og 15% af söluverði).
 - (trygging, 15% af ex hatch verði)
- X % af hagnaði (bottom line).
- Hugsanlegar tekjur af fjárfestingu í skipi (af charter fee tekjum).

Fjárfesting í iðnaðinum (dæmi 1 byggt á hugmynd frá Baldvin):

- Setja skip í nýtt félag í eigu Esju Holding (100 % í eigu Onward í Englandi).
- Skipið færi á Namibíu flagg (gæti styrkt stöðuna en það gæti verið mjög sterkt að hafa skipið á Namibíu flaggi).
 - Önnur skip eru ekki á Namibíu flaggi í iðnaðinum.
- Kvóta JV ættu möguleika að kaupa sig inn í nýja félagið, en eingöngu litla prósentu.
 - Dæmi 5 % per kvóta JV.
 - Þau myndu borga sig inn á láni með vöxtum (þarf útfærslu á þessu).
- Þetta skip yrði leigt inn í rekstrar JV með kvótahöfum.
- Við fengjum þá að veiða þeirra kvóta í komandi framtíð.

Aðrir kvótar:

- Yrðu veiddir af skipi sem að er leigt inn í reksturinn.
 - Kvótar: TRUST, Moazmbik kvóti, tilraunarkvóti á Makríl, viðbótarkvótar á kvóta JVin, fl.
 - Hugsanlega einhverjir „existing kvótar“.

Namibíuvæðing

- Katla Seafood Namibia er Namibíuvætt, 51% eigu heimamanna (svartra).
- Hugsanlegt að skipið fari á Namibíuflagg með hluta af eingnarhaldinu í eigu Namibíumanna.
- Stefnt að auka við Namibíumönnum í áhöfnina um borð, fara yfir 55-60% af heildinni.
- Namibíumenn í meðalstöðum í rekstarfyrirtækinu.

Stefnur í Namibíu og fl.

- Namibíuvæðing (útlendingar hafa ekki sterka stöðu einir en eru velkomnir að koma inn í iðnaðinn og byggja upp í sjávarútveginum, vera hluthafara og þátttakendur í fyrirtækjum).
 - Það eru flókin eignarhöld í Namibíu í sjávarútveginum en það skýrist fyrst og fremst útaf Namibíuvæðingum (fá heimamenn í eignarhöldin sem frontur).
 - Þetta er oft á pappír en svo eru samningar sem að tryggja hagsmuni erlendra fyrirtækja og hefur þetta viðgengist í Hake í langan tíma.
 - Einnig er þetta gert til að styrkja stöðu fyrirtækja í landinu og fá pólitískan stuðning.
 - Namsvo og Erongo eru Namibíuvædd fyrirtæki en
- Spilling er mikil í landinu en sýnileg.

- Þar þykir ekkert óeðlilegt að vera borga aðilum fyrir að aðstoða til að klára ýmis mál og er það kallað „facilitation fee“.
- Ríkasti maðurinn í landinu er talinn verað fyrsti forseti landsins eftir sjálfstæði.
- Spilling er eitthvað sem að þarf að passa sig á í landinu og getur komið í ýmsri mynd.
- Mjög algengt að heimamenn séu með útlendingum í viðskipum, sérstaklega þegar að kemur að auðlindum landsins.
- Þetta snýst líka um litarhátt en algengt að sjá svarta einstaklinga tekna fram fyrir hvíta þar sem að svartir eiga að fá forgang í vissar stöður.
- Það eru einnig að koma lög sem að gætu gefið svörum meiri rétt í vissar stöður eða margar stöður í fyrirtækjum.
 - Algengt að sjá fyrirtæki með hvítt fólk í vinnu og svo einn eða tvo svarta sem að eru ráðnir eingöngu útaf litarhætti þeirra.
- Hvítir hafa minni völd í landinu og stefna stjórnvalda er að koma svörtum til frekari valda.
 - Réttur hvítra Namibíumann er minni og þá geta menn hugsað hvar útlendingar standa og hvort að þeir hafa mikinn rétt að auðlindum landsins.
 - Að vera svartur í Namibíu hefur mikil forréttindi.
- Svartir voru ekki með nein réttindi fram að 1990 og í dag er verið að reyna að koma þeim í betri stöður, í vinnu og fá aðgang að auðlindum landsins.
- Erlend fyrirtæki og einstaklingar eru ekki í sömu stöðu og heima menn, hvað þá svartir heimamenn.

Rök fyrir Namibívæðingu Kötlu Seafood Namibíu:

1. Katla Seafood Namibia er ekki lengur erlent fyrirtæki (fylgjum stefnu stjórnvalda og fólksins í Namibíu, pólitískt).
2. Erlent fyrirtæki munu síður fá kvóta eins og í gegnum TRUST í framtíðinni, Mozambik og tilraunarkvóta sem og aðra.
 - a. Það er pressa frá stjórnvöldum, fyrirtækjum og fólki í landinu.
3. Erum komnir í samvinnu við ráðherrann og er hann hluthafi í fyrirtækinu.
 - a. Þetta gefur okkur umtalsvert forskot á önnur fyrirtæki.
 - b. Eigum möguleika að kvótar verða auknir á Kötlu í framtíðinni og að við komumst í aðra kvóta eins og í gegnum TRUST og fl.
 - c. Enn frekari stuðning við það sem við ætlum okkur í Namibíu.
4. Erum komnir með pólitískan stuðning í landinu og betur tengdir (politically).
 - a. Fyrir utan sjávarútvegsráðherrann þá eru menn í þessu eins og Sakky (lögfræðingur hjá Ministry of Justice, ráðgjafi Forsetans, er einnig í pólitíkinni) og Levy sem að er PS (permanet secretary) hjá National commission planning og er einnig í pólitíkinni.
5. Erum komnir með „svart andlit“ í fyrirtækið og meðeigendur sem að eru að rétta litarhætti (svarta).